

**Umhverfisstofnun**

b.t. Sigrúnar Ágústsdóttur  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

**Reykjavík, 16. janúar 2023**

2013-593/00.03.08

**Efni: Hvammsvirkjun – Umsókn um heimild Umhverfisstofnunar****1. Umsókn**

Landsvirkjun óskar hér með eftir að Umhverfisstofnun heimili breytingu á vatnshloti Þjórsár 1 (nr. 103-663-R) vegna framkvæmda við 95 MW Hvammsvirkjun samkvæmt 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

**2. Skipulags og leyfismál**

Þann 25. apríl 2003 sendi Landsvirkjun tilkynningu til Skipulagsstofnunar um framkvæmdina „Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1“ skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Annar af tveimur kostum sem fjallað var um í matsskýrslu var virkjun í tveimur þrepum – Hvammsvirkjun og Holtavirkjun. Þann 19. ágúst 2003 birti Skipulagsstofnun úrskurð sinn. Hún féllst á framkvæmdina og taldi að hún myndi ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif að teknu tilliti til fimm skilyrða sem stofnunin setti. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhverfisráðherra sem staðfesti úrskurðinn 27. apríl 2004 með tveimur nýjum skilyrðum og breytingu á einu skilyrði.

Þann 13. júlí 2015 sendu Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur erindi til Skipulagsstofnunar þar sem óskað var eftir ákvörðun stofnunarinnar um hvort endurskoða þyrfti að hluta eða í heild matsskýrslu Landsvirkjunar um Hvammsvirkjun skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum áður en framkvæmdaleyfi yrði veitt. Þann 16. desember 2015 birti Skipulagsstofnun ákvörðun sína um að endurskoða þyrfti mat á áhrifum á tvo umhverfisþætti en ekki væru forsendur til að krefjast endurskoðunar á matsskýrslu frá 2003 að öðru leyti. Mat á tíu þáttum frá 2003 er því í fullu gildi. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála sem staðfesti ákvörðun Skipulagsstofnunar í málum nr. 10, 11 og 15/2016.

Þann 19. maí 2017 lagði Landsvirkjun fram frummatsskýrslu um Hvammsvirkjun til athugunar hjá Skipulagsstofnun skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Óskað var eftir álit Skipulagsstofnunar vegna matsskýrslu framkvæmdarinnar þann 16. október 2017. Stofnunin birti álit sitt 12. mars 2018. Hún telur að matsskýrsla Landsvirkjunar og Landsnets uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Stofnunin telur áhrif virkjunarinnar á landslag verða verulega neikvæð og að fyrirhugaðar framkvæmdir séu líklegar til að hafa talsvert neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu. Stofnunin undirstrikar mikilvægi þeirra mótvægisáðgerða sem Landsvirkjun og Landsnet leggja til í matsskýrslu.

Hvammsvirkjun er í orkunýtingarflokki skv. þingsályktun nr. 16/144 frá 1. júlí 2015 og skv. þingsályktun nr. 24/152 frá 15. júní 2022.

Hvammsvirkjun er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028, aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og landsskipulagsstefnu 2015-2026. Sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga samþykktu deiliskipulag Hvammsvirkjunar í júní 2021 og öðlaðist það gildi í desember 2021 með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Leyfi Minjastofnunar liggur fyrir (dagsett 26. nóvember 2021), leyfi Fiskistofu liggur fyrir (dagsett 14. júlí 2022) og virkjunarleyfi frá Orkustofnun liggur fyrir (dagsett 6. desember 2022).

### 3. Lýsing á framkvæmd

Hvammsvirkjun nýtir fall Þjórsár á 10 km kafla frá Yrjaskeri að neðri enda Ölmóðseyjar og verða mannvirki virkjunarinnar í Rangárþingi ytra og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Stöðvarhús virkjunarinnar verður í landi Hvamms í Rangárþingi ytra. Inntakslón virkjunarinnar, Hagalón, verður myndað með stíflu í Þjórsá við Minni-Núp í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lónið verður um 4 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Í venjulegum rekstri verður lítil vatnsborðssveifla í lóninu ( $\pm 0,3$  m) tryggð með flóðgáttum.

Gert er ráð fyrir ýmsum mótvægisáðgerðum vegna lífríkis árinna og til að tryggja fiskgöngur. Að lágmarki 10 m<sup>3</sup>/s rennsli verður tryggt í farvegi Þjórsár frá stíflu að frárennsli virkjunar við neðri enda Ölmóðseyjar. Seiðafleyta yfir inntaki virkjunarinnar verður opin á göngutíma seiða. Við stífluna verður laxastigi. Þess verður gætt að farvegur Þjórsár verði fiskgengur á þeim kafla sem breytist vegna tilkomu Hvammsvirkjunar.

Nánari lýsing á tilhögun virkjunarinnar liggur fyrir í samþykktu deiliskipulagi Hvammsvirkjunar (Fylgiskjal 5).

### 4. Breyting vatnshlots

Að beiðni Landsvirkjunar tók Hafrannsóknastofnun og Veðurstofa Íslands saman minnisblað um mat á vistfræðilegu ástandi Þjórsár neðan Búrfells (Fylgiskjal 1) og mat á áhrifum Hvammsvirkjunar á vistfræðilegt ástand Þjórsár neðan Búrfells samkvæmt viðmiðum laga um stjórn vatnamála (Fylgiskjal 2).

Framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar er í vatnshloti Þjórsár neðan Búrfells (Þjórsá 1, vatnshlot nr. 103-663-R). Fram kemur í Fylgiskjali 1 að Þjórsá 1 flokkast sem vatnshlot í góðu ástandi.

Samkvæmt Fylgiskjali 2 munu stíflumannvirki í farvegi Þjórsár og myndun Hagalóns valda uppskiptingu vatnshlotsins Þjórsá 1 eins og það er skilgreint í núverandi ástandi. Samkvæmt Fylgiskjali 2 munu líklegast verða skilgreind 5 vatnshlot vegna framkvæmdarinnar og eru þau eftirfarandi:

- Þjórsá 1 – upp að áhrifasvæði virkjunar (vatnshlot A)
- Farvegur neðan stíflu með skertu rennsli (vatnshlot B)
- Hagalón (vatnshlot C)
- Fráveituskurður frá virkjun (vatnshlot D)
- Þjórsá ofan Hagalóns (vatnshlot E)

Í töflu 1 í Fylgiskjali 2 er samantekt á áhrifum Hvammsvirkjunar á gæðabætti í Þjórsá neðan Búrfells. Á grundvelli Fylgiskjals 2 og að teknu tilliti til fyrirhugaðra mótvægisáðgerða og skilyrða í leyfi Fiskistofu og virkjunarleyfi er það mat Landsvirkjunar að:

- Þjórsá 1 – upp að áhrifasvæði virkjunar (vatnshlot A) flokkist sem vatnshlot í góðu ástandi.
- Farvegur neðan stíflu með skertu rennsli (vatnshlot B) flokkist sem mikið breytt vatnshlot í góðu vistmegni.
- Hagalón (vatnshlot C) flokkist sem mikið breytt vatnshlot í góðu vistmegni.
- Fráveituskurður frá virkjun (vatnshlot D) flokkist sem manngert vatnshlot.
- Þjórsá ofan Hagalóns (vatnshlot E) flokkist sem vatnshlot í góðu ástandi.

Í 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er kveðið á um skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að Umhverfisstofnun geti heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. sömu laga. Að mati Landsvirkjunar eru þessi skilyrði uppfyllt hvað Hvammsvirkjun varðar enda er hún í nýtingarflokki rammaáætlunar en markmið laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru eftirfarandi: „Markmið laga þessara er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

## 5. Vöktun

Landsvirkjun framfylgir ISO14001 við umhverfisstjórnun fyrirtækisins. Í fjórða kafla meðfylgjandi Fylgiskjals 6 (Hvammsvirkjun. Ytri skilyrði og kröfur, mótvægisáðgerðir og vöktun) er sett fram yfirlit yfir efni vöktunaráætlunar vegna Hvammsvirkjunar. Þeir umhverfisþættir sem verða vaktaðir eru fok á sand- og aurasvæðum, öldurof og eyðing gróðurs, fornleifar, lífríki, landgræðsla og skógrækt, girðing og aðvörunarbúnaður og grunnvatn. Sjá nánar, í töflu 5 í Fylgiskjali 6. Einnig er í Fylgiskjali 6 nákvæmt yfirlit yfir skilyrði sem sett eru í leyfi Fiskistofu og í virkjunarleyfi.

Óski Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum eða skýringum vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllt,



**Valur Knútsson,**

forstöðumaður

## Fylgiskjöl

1. Minnisblað: Vistfræðilegt ástand Þjórsár neðan Búrfells (Þjórsár 1 nr. 103-663-R). Dags. 2022-11-18. Hafrannsóknastofnun og Veðurstofa Íslands.
2. Minnisblað: Mat á áhrifum Hvammsvirkjunar á vistfræðilegt ástand Þjórsár neðan Búrfells samkvæmt viðmiðum laga um stjórn vatnamála. Dags. 2022-12-20. Hafrannsóknastofnun og Veðurstofa Íslands.
3. Leyfi Fiskistofu. Dags. 14. júlí 2022.
4. Virkjunarleyfi frá Orkustofnun. Dags 6. desember 2022.
5. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar.
  - 5a. Skipulagsgreinargerð og umhverfisskýrsla
  - 5b. Skipulagsuppdráttur 1:12.500
  - 5c. Skipulagsuppdráttur 1:2.500
6. Greinargerð Landsvirkjunar um ytri skilyrði og kröfur, mótvægisáðgerðir og vöktun vegna Hvammsvirkjunar, útg. í desember 2022.